

| Fjárhagsáættlanir 2023* | Svalbarðshreppur | Langanesbyggð | Sameinað |
|-------------------------|------------------|---------------|----------|
| Meginreglan | ✗ | ✓ | ✓ |
| Jafnvægisreglan | ✗ | ✓ | ✓ |
| Skuldareglan | ✓ | ✓ | ✓ |

* Svalbarðshreppur stenst hvorki meginreglu né jafnvægisreglu árið 2023. Árið 2023 yrði fyrsta heila starfsár sameinaðs sveitarfélags, ef sameining verður samþykkt.

FASTEIGNASKATTAR

Lagt er til að fasteignaskattar verði í dreifbýli A gjald 0,5% og C gjald 1,32%. á móti 0,65% og 1,625% í þéttbýli, í ljósi þess að þjónustustig er mismunandi í þéttbýli og dreifbýli.

| | Núverandi | Breyting | |
|----------------------------------|------------------|---------------|----------|
| | Svalbarðshreppur | Langanesbyggð | Sameinað |
| A-þéttbýli (íbúðarhús) | 0,5 % | 0,625 % | 0,625 % |
| A-dreifbýli (íbúðarhús / landb.) | 0,5 % | 0,625 % | 0,5 % |
| B-Opinberar byggingar | 1,32% | 1,32 % | 1,32 % |
| C-Þéttbýli (atvinnuhúsnæði) | 0,5 % | 1,65 % | 1,65 % |
| C-Dreifbýli (atvinnuhúsnæði) | 0,5 % | 1,65 % | 1,32 % |

JARÐ ASJÓÐUR

Jarðeignir sveitarfélaganna verða settar í B-deildar sjóð með eigin stjórn. Markmið er að tryggja að veiðiréttur í viðkomandi ám og nýting jarðeigna verði áfram í höndum heimamanna. Rekstarafgangur rennur í sveitarsjóð og verður nýttur til styrkingar mannlífs, byggðar og tæki-færa til fjölbreyttrar atvinnu. Ekki verður hægt að selja jarðir nema að undangengnu ítarlegu samráði stjórnar sjóðsins, sveitarstjórnar og íbúa. Stjórn er óheimilt að selja eignir eða hluta þeirra sem eru í umsjá sjóðsins þannig að skerðing verði á veiðiréttindum sem fylgja eignum í umsjá sjóðsins. Drög að samþykktum sjóðsins eru á heimasiðu verkefnisins www.langanesbyggd.is